



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Félgsmálanefnd Alþingis

Pórshamri
150 Reykjavík

Dagsetning
30.3.1998

Tilvísun
98030068
420
PV/--

Alþingi
Erindi nr. P 122/1643
komudagur 31.3.198

Með tilvísun til umfjöllunar félagsmálanefndar Alþingis um frumvarp til laga um húsnæðismál, fylgir hér til upplýsingar ljósrit bréfs félagsmálaráðuneytisins, sem það hefur ritað Neytendasamtökunum í dag vegna tveggja bréfa samtakanna frá 9. mars s.l., sem hér fylgja einnig með í ljósriti.

F. h. r.

Jörkvaldur Östlyngsson

Stigi Valur Jóhann

Félagsmálaráðuneytið
Hr. Páll Pétursson, félagsmálaráðherra
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	
Nr. 420	Dagur 18. marz 1998
907	Tími
	Vís
	Tílv. 98030067


SKÚLAGÖTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 562 5000,
TELEFAX 562 4666,
neytenda@ltn.is
PÓSTHÓLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 9. mars 1998

Neytendasamtökin hafa haft til umfjöllunar félagslega húsnæðiskerfið einkum þau atriði sem gagnrýnd hafa verið við það húsnæðiskerfi.

Eitt af þeim atriðum er hækkun vaxta á lánum vegna kaupa á félagslegu húsnæði vegna breytinga á tekjum lántakanda, sbr. 62. gr. reglugerðar nr. 375/1996. Neytendasamtökin telja eðlilegt að heimilt sé að hækka vexti þegar tekjur lántakanda breytast. Hins vegar þarf að gera ráð fyrir því í lögum að hægt sé að lækka vexti aftur ef tekjur lántakanda minnka á ný, t.d. vegna atvinnuleysis eða annara aðstæðna. Neytendasamtökin telja brýnt af þessum sökum að 62. gr. reglugerðar nr. 375/1996 verði beytt sem fyrst, til að koma í veg fyrir að eigendur félagslegs húsnæðis greiði ekki hærri vexti en þeir ráða við.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Sigríður A. Arnardóttir

Félagsmálaráðuneytið
Hr. Páll Pétursson, félagsmálaráðherra
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Öb. 420	Dagur 18. mars 1998
Ábr. 127	Tau.
Svarfr.	Vib
Afr.	Tel. 98030068
Fax.	Sp. V. G. G.

SKÚLAGÖTU 26,
101 REYKJAVÍK,
SÍMI 562 5000,
TELEFAX 562 4666,
neytenda@ltn.is
PÓSTHÓLF 1096,
121 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 9. mars 1998


Neytendasamtökin hafa verið að skoða réttarstöðu einstaklinga í félagslega húsnæðiskerfinu. Töluvert hefur borið á gagnrýni á félagslega húsnæðiskerfið og hafa margir leitað til Neytendasamtakanna þar sem þeir telja að brotinn hafi verið á þeim réttur í þessu kerfi.

Neytendasamtökin telja afar þýðingarmikið að á þessu sviði sé starfandi hlutlaus úrskurðanefnd sem fjallað getur um allan ágreining vegna kaupa og sölu á félagslegu húsnæði. Í dag geta einstaklingar sem telja á sér brotið eingöngu leitað til Húsnæðismálastjórnar fyrir utan dómstóla. Neytendasamtökin telja að helstu ókostir við þessa úrlausnarleið séu þeir að fulltrúar húseigenda eiga þar ekki sæti og því sé ekki um hlutlausan úrskurðaraðila að ræða og eins getur Húsnæðismálastjórn eingöngu fjallað um ágreining vegna uppgjors á sölu og kaupum á félagslegu húsnæði og er því valdsvið hennar takmarkað.

Neytendasamtökin telja þörf á stofnun úrskurðanefndar á þessu sviði mikla þar sem hér er oft verið að fjalla um flókin mál einstaklinga sem hafa lítil fjárráð og hafa því ekki tæk á að leita til dómstóla.

Hér með er þess farið vinsamlegast á leit við yður herra félagsmálaráðherra að þér beitið yður fyrir því að koma á fót úrskurðarnefnd vegna ágreinings einstaklinga í félagslega húsnæðiskerfinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Sigríður A. Arnardóttir